

Ársskýrsla 2024

Efnisyfirlit

1 Inngangur	bls.	03
2 Mannauður	bls.	04
3 Aðstaða	bls.	06
4 Fræðslustarfsemi á árinu	bls.	07
5 Námsráðgjöf og raunfærnimat	bls.	11
6 Önnur starfsemi	bls.	12
7. Gæðastarf og stefnumótun	bls.	14
8 Skipulagsskrá Fræðslunetsins	bls.	14
9 Töluleg þróun starfseminnar	bls.	15

1. Inngangur

Ársins 2024 verður kannski helst minnst fyrir það að með samstilltu átaki starfsmanna tókst að snúa tapi undanfarinna tveggja ára í hagnað.

Í þessari ársskýrslu er fjallað um helstu þætti starfseminnar og minnst á þær breytingar sem hafa átt sér stað. Framsetningin er lík þeirri sem verið hefur undanfarin ár með áherslu á gagnorðan og stuttan texta ásamt töflum.

Árlega eru ársreikningur og ársskýrsla send eigendum Fræðslunetsins, ríkisskattstjóra og Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu. Þá eru ársskýrslan og ársreikningurinn ávallt aðgengileg almenningi á vefsvæði Fræðslunetsins: www.fraedslunetid.is.

Eyjólfur Sturlaugsson framkvæmdastjóri hafði umsjón með og bar ábyrgð á þessari ársskýrslu.

2. Mannauður

Stjórn

Stjórn Fræðslunetsins er nú skipuð eftirtöldum fulltrúum eigenda:

- Hulda Kristjánsdóttir, formaður (kosin af Sambandi sunnlenskra sveitarfélaga)
- Valdimar Hafsteinsson, ritari (kosinn af Atorku, félagi atvinnurekenda á Suðurlandi)
- Ester Ýr Jónsdóttir, (kosin af Fjölbautaskóla Suðurlands)
- Magðalena Jónsdóttir (kosin af Sambandi sunnlenskra kvenna)
- Halldóra S. Sveinsdóttir (kosinn af stéttarfélögum á Suðurlandi)

Stjórnin fundaði þrisvar sinnum á árinu. Fundargerðirnar má lesa á vefsvæði Fræðslunetsins.

Starfsmannahald

Starfsmannabreytingar urðu engar árið 2024 en í lok ársins tók Kristín Gestsdóttir við starfi Róslínar Valdemarsdóttur, sem fór í fæðingarorlof. Stöðugildi stóðu þannig í árslok 2024:

Eyjólfur Sturlaugsson	framkvæmdastjóri	100%
Steinunn Ó. Kolbeinsdóttir	verkefnastjóri/staðgengill framkvæmdast.	50%
Eydís K. Guðmundsdóttir	náms- og starfsráðgjafi/verkefnastjóri	80%
Lilja Össurardóttir	verkefnastjóri	100%
Kristín Gestsdóttir	verkefnastjóri	90%
Oddný Gísladóttir	þjónustufulltrúi	100%
Sólveig Kristinsdóttir	náms- og starfsráðgjafi/verkefnastjóri	50%
Viktor Valur Carlsen	kvöldumsjón	45%
Sigríður E. Kristinsdóttir	þríf	30%
Sandra D. Gunnarsdóttir	náms- og starfsráðgjafi/verkefnastjóri	80%
Kristín E. Ketilsdóttir	náms- og starfsráðgjafi/verkefnastjóri	100%

Samtals stöðugildi: 8,25

Starfsfólki heilsaðist betur en árið á undan en þó var einn starfsmaður að glíma við langvarandi veikindi, sem hafði áhrif á starfshlutfall hans.

Starfsmannafundir voru haldnir reglulega í gegnum Teams og urðu þeir 14 talsins. Teymi Fræðslunetsins héldu fjölmarga fundi en fjögur teymi störfuðu á árinu; virkнитеymi, fyrirtækjateymi, íslenskuteymi og ráðgjafateymi.

Símenntun

Starfsmenn Fræðslunetsins sinntu áfram því hlutverki á árinu 2024 að uppfæra þekkingu sína og varð umfang þeirrar símenntunar svipað og undanfarin ár. Haldinn var einn starfdagur í júní þar sem starfsmenn fóru í heimsóknir til þriggja fræðsluaðila á höfuðborgarsvæðinu. Þá fóru næstum allir starfsmenn á haustþing Símenntar á Ísafirði í september. Aðrir fastir liðir endurmenntunar voru ráðgjafafundir og ársfundur Fræðslumiðstöðvarinnar. Almennt er starfsfólkið duglegt að viðhalda þekkingu sinni og að tileinka sér nýja hæfni. Starfsfólk skráir sjálft endurmenntun sína og gerir grein fyrir henni og óskum sínum varðandi áframhaldandi símenntun í árlegu starfsmannaviðtali við framkvæmdastjóra.

Verktakar í kennslu

Eins og áður var nánast öll kennsla og fræðsla Fræðslunetsins mönnuð með verktökum. Alltaf var leitast við að ráða kennaramenntað fólk til kennslu á námsbrautum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, í íslensku fyrir útlendinga og í fræðslu fatlaðs fólks. Til kennslu á styttri námskeiðum eins og þeim sem snúa að starfsþróun, (núvitund, sjálfstyrkingu o.fl.) eru valdir sérfræðingar á því tiltekna sviði.

Alltaf eru einhverjar breytingar á milli ára í hópi verktaka sem kenna fyrir Fræðslunetið. Margir kennarar í verktöku hafa þó unnið hjá Fræðslunetinu árum saman og eru Fræðslunetinu afar dýrmætir.

3. Aðstaða

Húsnæði

Eitt af megin hlutverkum Fræðslunetsins er að þjóna öllu Suðurlandi. Til að geta sinnt fræðslustarfi í öllum landshlutanum hefur Fræðslunetið komið sér upp starfsstöðvum og námsverum auk þess að leigja húsnæði af öðrum aðilum. Mannaðar starfsstöðvar Fræðslunetsins eru nú þrjár; á Selfossi, á Hvolsvelli og á Höfn. Þá kemur Fræðslunetið að rekstri þriggja námsvera til viðbótar; á Hellu, í Vík og á Kirkjubæjarklaustri.

Vinnuaðstaða nemenda og starfsmanna Fræðslunetsins í húsakynnum þess telst almennt góð og það styðja kannanir sem gerðar hafa verið meðal námsmanna og verktaka í kennslu.

Á liðnum áratug hefur notkun á aðstöðu Fræðslunetsins breyst talsvert. Nú eru margir námshópar í fjarnámi og nota aðstöðuna lítið eða ekki neitt. Þá hefur ýmislegt nám á dagvinnutíma aukist talsvert og er meiri nýting á kennslustofum í Fjölheimum á þeim tíma en áður.

Sveitarfélagið Árborg sem á Fjölheima; aðsetur Fræðslunetsins á Selfossi, framlengdi á árinu leigusamningi við Fræðslunetið og Háskólafélag Suðurlands um tvö ár, eða til loka árs 2026. Á árinu tók Fræðslunetið þátt í vinnu með hópi aðila sem leitar sameiginlega að nýju húsnæði. Sú vinna hefur ekki leitt til neinnar niðurstöðu enn þá en áfram er leitað leiða með hópnum um framtíðarhúsnæði fyrir Fræðslunetið.

Síðla árs ákvað stjórn að segja upp aðstöðu Fræðslunetsins í Vík í Mýrdal, en þar hafði ekki setið verkefnastjóri í þrjú ár. Forsendur þeirrar ákvörðunar voru fyrst og fremst rekstrarlegar, en árin 2023 og 2024 voru bæði rekstrarlega erfið og nam tap Fræðslunetsins um 18.000.000 kr á þessum tveimur árum.

Búnaður

Einhver endurnýjun á aðbúnaði starfsmanna fer ávallt fram og var viðhaldi á tækjum og tólum sem snúa að kennslustofum og aðbúnaði nemenda áfram sinnt. Stærsta breytingin var sú að keyptar voru nýjar nemendatölvur í tölvuvagn á árinu.

Í lok árs hætti FS-netið starfsemi sinni en Fræðslunetið hefur notast við það allt frá því að flutt var inn í Fjölheima. FS-netið er niðurgreitt af hinu opinbera og ætlað að styðja við nettengingar í framhaldsskólakerfinu og í framhaldsfræðslunni. Í kjölfarið var samið við Opin kerfi um nettengingu við umheiminn.

Nokkur uppsöfnuð viðhaldspörf liggur fyrir í netkerfum innanhúss í Fjölheimum. Það hefur legið fyrir í þrjú ár að á næstunni verður að skipta út öllum routerum í Fjölheimum en þeir eru endanlega komnir á tíma. Óvissa um hversu lengi starfsemin verður í Fjölheimum og skamtímaleigusamningar hafa hins vegar orðið til þess að endurnýjun frestast sífellt.


4 Fræðslustarfsemi á árinu

Heildarfjöldi í fræðslu

Á heildina litið þá fjölga námsmönnum í fræðslunni nokkuð miðað við árið 2023. Nemendastundum fækkar hinsvegar. Heildarbrottfall er 15% og er það með því hæsta á undanförunum árum. Tafla 1 sýnir þróun nemendafjölda og nemendastunda síðustu fimm ár.

Tafla 1	Námskeið	Námsmenn innritaðir	Námsmenn útskrifaðir	Brottfall	Nemenda kl.stundir	Meðalfj. í hópi
2020	118	1.154	1.032	10,6%	33.969	9,8
2021	145	1.227	1.041	15,2%	34.977	8,5
2022	132	1.332	1.182	11,3%	33.618	10,4
2023	114	1.165	1.057	12 %	35.854	10,0
2024	103	1343	1094	15%	32.335	10,6

Hjá Fræðslunetinu er fræðslunni skipt niður á eftirfarandi sex svið: Íslensku fyrir útlendinga, vottaðar námsleiðir FA, virkninámskeið, námskeið fyrir fatlað fólk, fræðslu í fyrirtækjum og svo annað nám. Þessi sex fræðslusvið eru mis umfangsmikil. Um 89% af öllum nemendastundum eru kenndar á tveimur námssviðum; þ.e. íslensku fyrir útlendinga og á FA námsbrautum. Hlutfallsskiptingu nemendastunda má sjá á neðangreindu myndriti.



Nemendastundir segja þó ekki alla söguna um umfangið. Þannig má til dæmis slá því föstu að umsýsla, þ.e. vinna við framkvæmd náms fatlaðra sé meiri af heildarumfangi en 3%.

Íslenska fyrir útlendinga

Að venju var kennsla í íslensku fyrir útlendinga umfangsmikil í starfseminni. Opinbert framlag til Fræðslunetsins vegna þessa var 11.858.400 kr. á árinu 2024. Aðsókn að námskeiðum varð með mesta móti. Fræðslunetið náði með framlaginu að sinna allri eftirspurn eftir íslensku fyrir útlendinga á Suðurlandi. Námskeið voru haldin vítt og breitt um starfssvæðið og kennd af leiðbeinendum með full kennsluréttindi. Tafla 2 sýnir samanburð íslenskukennslu síðustu fimm ára:

Tafla 2	Námskeið	Nemendur	Fjöldi í námshópi	Nemenda-kl.stundir	Brottfall
2020	28	326	11,6	13.040	11,3%
2021	30	338	10,4	13.520	10,4%
2022	20	207	10,4	8.280	14%
2023	25	299	13,3	10.960	13%
2024	35	348	9,9	12.980	22%

Undanfarin ár (frá 2021) hefur verkefnastjóri á Höfn haft yfirumsjón með íslenskunáminu. Hefur það gengið í flesta staði vel þrátt fyrir að örar mannabreytingar þar hafi þó sett sitt mark á starfseminu.

Námsbrautir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA)

Stærsta einstaka fjárveitingin til Fræðslunetsins á hverju ári er fé til að kenna vottað nám. Árið 2024 fékk Fræðslunetið úthlutað kr. 45.000.000 kr. til verksins og nam kennslan meiru en sem nam því fé.

Nám á flestum vottuðum námsbrautum er í boði sem bæði stað- og fjarnám. Þátttaka fólks búsetts annars staðar en á Suðurlandi hefur aukist. Tafla 3 sýnir samanburð FA náms síðustu fimm ára.

Tafla 3	Fjöldi brauta	Námsmenn innritaðir	Námsmenn útskrifaðir	Brottfall	Nemenda-kl.stundir
2020	7	102	96	5,8%	21.414
2021	7	165	154	6,6%	22.928
2022	10	120	110	8,3%	19.179
2023	18	197	166	15,7%	19.670
2024	12	128	115	13%	15.711

Þokkaleg aðsókn var í námsbrautirnar en þó minni en árið 2023. Brottfall er nokkuð hátt enda brautirnar einnig notaðar sem virkniúrræði fyrir viðkvæma hópa. Kenndar voru eftirfarandi brautir: Meðferð matvæla, Grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk, Leikskólaliðabré, Félagsliðagátt, Menntastoðir, Líf og heilsa, Uppleið, Skref til sjálfshjálpar, Grunnmennt og Stökkpallur.

Símenntun fyrir fólk með fötlun

Nám fyrir fólk með fötlun er ríkur þáttur í starfsemi Fræðslunetsins. Námskeiðin eru haldin á Selfossi. Nokkuð jöfn aðsókn er á námskeiðin og framboðið nær vel að sinna eftirspurn á svæðinu. Markhópurinn á Suðurlandi er tryggur og koma sömu einstaklingarnir ár eftir ár á námskeið.

Þjónusta Fræðslunetsins í þessari fræðslu byggist á árlegu framlagi frá Fjölmenn til kennslunnar. Framlagið fyrir árið var kr 15.500.000 kr. Tafla 4 sýnir samanburð síðustu fimm ára í fræðslu fatlaðra hjá Fræðslunetinu. Umfang kennslu fatlaðra varð svipað og árið 2023 eins og tafla 4 sýnir.

Tafla 4	Námskeið	Námsmenn innritaðir	Námsmenn útskrifaðir	Brottfall	Nemenda-kl.stundir	Fjöldi í hópi
2020	43	125	112	10%	1.035	2,6
2021	47	132	129	4%	1.177	2,7
2022	33	114	109	4%	1.053	3
2023	33	122	122	0%	1.186	4
2024	33	105	99	6%	1.097	3

Til nýjunga má telja á árinu að Fræðslunetið tók þátt í að prufukeyra nýja FA námsbraut „Færni á vinnumarkaði“. Á brautinni er fatlað fólk þjálfað til að taka þátt í vinnumarkaðnum. Keyrslan tókst vel og mun Fræðslunetið í samstarfi við VMST leitast við að bjóða fötluðu fólki reglulega upp á slíkt nám.

Endurhæfingar- og virkninámskeið

Undanfarin ár hefur Fræðslunetið boðið upp á ýmis námskeið ætluð einstaklingum, sem þurfa á ýmsum úrræðum að halda til að geta orðið virkir í samfélaginu. Í stórum dráttum er um þrjá hópa fólks að ræða; fólk sem er atvinnulaust, fólk sem leitar eftir því að verða virkt í atvinnulífinu og svo flóttafólk. Fræðslunetið hefur staðið að hönnun slíkra námskeiða fyrir þjónustuþega frá Birtu starfsendurhæfingu Suðurlands, Virk starfsendurhæfingu og Vinnumálastofnun. Fjölbreytileiki er mikill og stöðugt er unnið að þróun nýrra úrræða. Nú eru t.d. námsleiðir FA notaðar í auknum mæli til þess að mæta þörfum þessara hópa. Starfsemin árið 2024 var með svipuðu sniði og árið 2023 eins og sjá má í töflu 5.

Tafla 5	Fjöldi námsk.	Námsmenn innritaðir	Námsmenn útskrifaðir	Brottfall	Nemenda kl.stundir
2020	26	363	300	17%	4.214
2021	41	486	351	15%	5.335
2022	36	374	278	26%	4.217
2023	32	362	273	25%	4.993
2024	27	308	213	41%	5.585

Fræðsla fyrir fyrirtæki og greining fræðsluþarfa

Fræðsla fyrir fyrirtæki og stofnanir var talsverð á árinu en fyrst og fremst í vottuðum námsleiðum og íslensku fyrir útlendinga. Önnur þjónusta og hefðbundin námskeið fyrir fyrirtæki og stofnanir var með minnsta móti árið 2024. Ástæða þessa er að mikið var að gera á öðrum námsviðum Fræðslunetsins og því minni tími til að sinna fyrirtækjafræðslunni. Tafla 6 sýnir þróun síðustu fimm ára.

Tafla 6	Fjöldi námsk.	Námsmenn innritaðir	Námsmenn útskrifaðir	Brottfall	Nemenda - kl.stundir
2020	12	200	200	0	1.027
2021	10	104	104	0	541
2022	20	402	400	0	1.915
2023	8	181	181	0	789
2024	2	18	18	0	72

Greining fræðsluþarfa hjá fyrirtækjum og stofnunum í gegnum verkefnið „Fræðslustjóri að láni“ er annar angi fyrirtækjaþjónustu. Um er að ræða samninga sem starfsmenntasjóðir gera við Fræðslunetið, sem fer í umboði þeirra inn í fyrirtæki til að greina fræðsluþarfir og gera fræðsluáætlanir. Árið 2024 var gengið til samstarfs við Hæfnisetur ferðaþjónustunnar um að fara í heimsóknir og greina þarfir hjá ferðaþjónustufyrirtækjum. Ekki varð neitt úr því né öðrum slíkum verkefnum hjá fyrirtækjum á árinu. Tafla 7 sýnir þróun síðustu ára.

Tafla 7	Fjöldi samninga	Upphæð samninga	Fjöldi þátttakenda
2019	2	2.040.522	254
2020	0	0	0
2021	2	3.041.748	181
2022	1	1.453.576	131
2023	0	0	0
2024	0	0	0

5. Námsráðgjöf og raunfærnimat

Námsráðgjöf

Alls fékk Fræðslunetið 10.590.000 kr. úthlutað frá FA til náms- og starfsráðgjafar árið 2024. Eins og sést í töflu 8 þá gekk námsráðgjöfin vel á árinu þótt hún hafi ekki náð sama umfangi og árið 2023.

Fræðslunetið stendur vel hvað varðar náms- og starfsráðgjafa en fjórir ráðgjafar sinntu ráðgjöfinni á árinu.

Ráðgjöf Fræðslunetsins er fjölbreytt; bæði er boðið upp á ráðgjöf á staðnum og á netinu. Þá fara ráðgjafar reglulega um Suðurland og bjóða upp á viðtöl. Allri eftirspurn eftir náms- og starfsráðgjöf er sinnt.

Tafla 8	Ráðþegar
2020	625
2021	419
2022	814
2023	756
2024	654

Raunfærnimat

Alls fékk Fræðslunetið 12.341.000 kr. úthlutað frá FA á árinu 2024. Fjármagninu var ætlað í eftirfarandi verkefni:

- Raunfærnimat í ferðapjónustu
- Almenn starfshæfni
- Raunfærnimat félagsliða
- Raunfærnimat leikskólaliða og stuðningsfulltrúa
- Raunfærnimat sjúkraliða.

Raunfærnimatið gekk ekki eins vel á árinu og vonir stóðu til. Í töflu 9 má sjá samanburð síðustu fimm ára.

Í lok ársins hóf Fræðslunetið raunfærnimat á mótí nýrri námskrá í ferðapjónustu í samstarfi við Símei. Var það í fyrsta sinn sem líkt mat fór fram í landinu.

Almennt gengur vel að finna þáttakendur í raunfærnimatið og má m.a. þakka það góðum tengslum ráðgjafa við atvinnulífið og samstarfsaðila.

Fræðslunetið sér einnig um að finna matsaðila fyrir hvert raunfærnimat fyrir sig og fara þeir á námskeið hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

Tafla 9	Fjöldi þátttakenda	Metnar einingar
2020	43	3.331
2021	22	675
2022	41	2.295
2023	55	1.716
2024	38	1.596

6. Önnur starfsemi

Skotvopna - og veiðikortapróf

Fræðslunetið er með samning við Umhverfisstofnun um framkvæmd bóklegs hluta skotvopna- og veiðikortaprófa. Þjónustan er ætluð fólki á Suðurlandi. Þátttaka í þessum prófum kemur í talsverðum bylgjum.

Notendaráð

Bergrisinn, sem er byggðasamlag um málefni fatlaðs fólks í Árnes-, Rangárvalla- og Skaftafellssýslu, hefur falið Fræðslunetinu umsjón með notendaráði fatlaðs fólks, sem starfar fyrir samlagið. Vinnan felst í því að þjálfa fólk til setu í ráðinu, halda utan um fundi ráðsins og vera til ráðgjafar um vinnu notendaráða.

Nýbreytni og þróun

Ýmis nýbreytni og þróun átti sér stað á árinu og er það helsta rakið hér að neðan.

Samstillt hæfni. Um er að ræða þróunarverkefni, sem gengur út á það að vinna með öllum dvalar- og hjúkunarheimilum á Suðurlandi að því að koma á sameiginlegu „fundarborði“ þar sem fræðsluþarfir heimilanna eru ræddar og leitað að lausnum sem koma þeim til góða. Verkefnið fór formlega af stað í október 2024 og er styrkt af Þróunarsjóði Fræðslusjóðs.

Námskeið fyrir fatlað fólk. Um er að ræða þróunarverkefni, sem gengur út á það að taka vottaða námskrá „Listnámsbraut fyrir fatlaða“ og skipta henni niður í mörg styttri námskeið þannig að hægt sé að bjóða fötluðu fólki upp á listnám í áföngum í gegnum almenn námskeið. Verkefnið fékk styrk úr Þróunarsjóði Fræðslusjóðs.

Raunfærnimat í ferðapjónustu. Í samstarfi við Hæfnisetur ferðapjónustunnar og Símeý símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar hóf Fræðslunetið að raunfærnimeta fólk á mótí viðmiðum nýrrar námskrár í ferðapjónustu. Til þess hefja þessa vinnu þurfti talsverðan undirbúning; skipa stýrihóp, finna matsaðila og þýða matslista á ensku, en matið fer fram bæði á ensku og íslensku. Þetta er í fyrsta skipti sem slíkt mat er framkvæmt á Íslandi.

Bara tala. Um er að ræða þróunarverkefni sem fór í gang á árinu og hefur fengið vilyrði fyrir styrk úr Sveitamennt og Ríkismennt árið 2025. Verkefnið gengur út á það að nota smáforritið „Bara tala“ samhliða hefðbundinni kennslu í íslensku fyrir útlendinga á stuttum starfstengdum 20 klukkustunda námskeiðum.

Námsbrautin „Færni á vinnumarkaði“. Fræðslunetið prufukeyrði ásamt fleiri símenntunarmiðstöðvum nýja námsleið ætlaða fötluðu fólki. Námsleiðin er ætluð til þess að styrkja stöðu fatlaðs fólks á vinnumarkaði og endar með fagbréfi. Námsleiðin er unnin með Vinnumálastofnun, en hún sér bæði um að afla nemenda og sér um vinnustaðatengda námshlutann.

Markaðs- og kynningarstarf

Áherslur í markaðs- og kynningarstarfi hafa annars vegar verið að nota rafræna miðla og hins vegar reglulegar og persónulegar heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir.

Mikið er lagt upp úr persónulegu samstarfi við samstarfsaðila og að mæta þörfum þeirra sem best. Því er oft fundað með þeim og þarfir þeirra ræddar. Helstu samstarfsaðilar á þessum vettvangi eru: Birta starfsendurhæfing, VIRK, Markaðsstofa Suðurlands og Vinnumálastofnun.

Nánast allt kynningarefni og auglýsingar er hannað af starfsmönnum Fræðslunetsins enda er í þeirra röðum afar hæft fólk á þessum vettvangi. Kynningarefni þarf stöðugt að uppfæra og í því liggur talsverð vinna.

Heimsóknum á vefsvæði Fræðslunetsins hefur fjölgað verulega eftir að ný síða fór í loftið um mitt ár 2023. Þá hélt fylgjendum á samfélagsmiðlum áfram að fjölga milli ára. Helstu tölur úr rafrænum samfélags- og upplýsingamiðlum Fræðslunetsins eru í töflu 10 og 11:

Vefsvæði Fræðslunetsins

Tafla 10	Heim- sóknir	Flettingar
2019	5.498	16.340
2020	17.192	23.240
2021	18.187	34.373
2022	19.224	45.945
2023	10.950	44.001
2024	23.767	69.574

Fylgjendur á Facebook og Instagram

Tafla 11	Facebook	Instagram
2019	2.767	96
2020	2.958	139
2021	3.100	215
2022	3.200	240
2023	3.400	259
2024	3.600	306

Samstarfsaðilar

Samstarfsaðilar Fræðslunetsins eru fjölmargir og er samstarfið dýrmætt. Verða hér nefndir þeir helstu.

Símennt. Símenntunarmiðstöðvar um allt land mynda samtökin Símennt. Samráð og samskipti milli stöðvanna eru mikil og stöðug. Samtökin standa fyrir fræðslu og atburðum sem varða framhalds- og fullorðinsfræðslu.

Vinnumálastofnun. VMST er einn stærsti viðskiptavinur Fræðslunetsins og á í miklum samskiptum við Fræðslunetið vegna þeirra virkniúrræða og íslenskunámskeiða sem boðið er uppá. Samskiptin eru öll við útibú stofnunarinnar á Suðurlandi.

Virk. Fræðslunetið er skilgreindur úrræðaaðili hjá Virk. Á hverju ári setur Fræðslunetið upp virkniúrræði sem eru sniðin að þörfum Virk. Samskiptin eru öll við útibú stofnunarinnar á Suðurlandi.

Birta starfsendurhæfing. Mikil samskipti eru við starfsmenn Birtu, enda er aðstaða þeirra í sama húsnæði og Fræðslunetið. Birta hefur tekið að sér kennslu námsleiða og þjónustuþegar þeirra sækja í hinar ýmsu námsleiðir Fræðslunetsins, raunfærnimat í almennri starfshæfni, náms- og starfsráðgjöf og fleira.

Stéttarfélög og starfsmennasjóðir. Í gegnum tíðina hafa stéttarfélögin á Suðurlandi sýnt það í verki að vera einir helstu bakhjarlar Fræðslunetsins. Starfsmennasjóðir endurgreiða einstaklingum og fyrirtækjum námskostnað og fóstra verkefnið „Fræðslustjóra að láni“.

Sveitarfélagið Árborg. Aðalstöðvar Fræðslunetsins eru í sérhönnuðu húsnæði sem er eign sveitarfélagsins Árborgar. Samvinna og samstarf hefur verið um notkun eignarinnar í 13 ár.

7. Gæðastarf og stefnumótun

Evrópska gæðamerkið (EQM+)

Haustið 2022 fór fram gæðaúttekt á Evrópska gæðamerkinu (EQM+) hjá Fræðslunetinu en þrjú ár voru liðin frá síðustu úttekt. Undirbúningur úttektarinnar stóð í mánuð og skilaði Fræðslunetið umfangsmiklum upplýsingum um framkvæmd framhaldsfræðslunnar með tilliti til gæðaferla EQM+.

Engar athugasemdir voru gerðar við framkvæmd Fræðslunetsins þannig að ekki þurfti að ráðast í neina úrbótaáætlun. Ljóst er því að við framkvæmd framhaldsfræðslunnar er farið eftir öllum gæðaferlum EQM+.

Gæðaráð og innra mat

Gæðaráð Fræðslunetsins starfaði ötullega á árinu og stýrði innra mati. Gæðaráðið skipa framkvæmdastjóri og tveir verkefnastjórar. Á árinu voru fyrst og fremst eftirfarandi verkefni unnin í innra mati:

- Gerð var viðhorfakönnun meðal starfsmanna. Vinnan tók mestan tíma ráðsins á árinu.
- Því var fylgt eftir að yfirlitsblöð yfir úthlutanir og nýtingu í raunfærnimati og ráðgjöf væru sett upp.
- Gerð var skýrsla til Rannís vegna Hollandsheimsóknarinnar 2023
- Gerðar voru ráðstafanir til þess að skoða hugbúnaðinn frá Hollandi.

8. Skipulagsskrá Fræðslunetsins

Samkvæmt skipulagsskrá Fræðslunetsins frá 2013 eru stofnendur þeir sömu og stofnuðu Fræðslunet Suðurlands árið 1999. Í skipulagsskrá Fræðslunetsins er listi yfir þessa stofnendur, sem sumir hverjir hafa nú sameinast öðrum eða horfið af braut. Skipulagsskráin er öllum aðgengileg á vefsvæði Fræðslunetsins.

Skipulagsskráin er byggð á lögum um sjálfseignastofnanir nr. 33 frá 1999 og því ná þau lög yfir alla starfsemi Fræðslunetsins sem ákvæði skipulagsskrárinnar dekkja ekki.

8. Töluleg þróun starfseminnar

